



## Annáll haustannar 2023

### Upphaf haustannar

Nýnemadagur var 17. ágúst og sama dag var kynningarfundur fyrir heimavistarbúa. Kennsla hófst 18. ágúst. Hjólin byrjuðu fljótt að snúast í skólastarfinu, en þann 21. september kom upp sú staða að vegna ófullnægjandi loftgæða var hluta íþróttahúss Akraneskaupstaðar við Vesturgötu lokað og var því íþróttakennsla í FVA á hrakhólum. Sem betur fer var tíðin góð og við björguðum okkur með útiveru fram að áramótum. Þann 16. og 17. október var kærkomið vetrarfrí og við mættum endurnærð til starfa að því loknu.

### Tölulegar upplýsingar

Kennslu- og námsmatsdögum lauk mánudaginn 18. desember. Heildarfjöldi nemenda við skólann á haustönn 2023 var 505. Þar af voru 407 nemendur í dagskóla og 98 nemendur í kvöld- og helgarnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 65% nemenda voru karlar og 35% konur. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 68% karlar og 32% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 51% karlar og 49% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 148 nemendur. 43 nemendur voru á náttúrufræðibraut og 29 á félagsfræðibraut. 41 voru á sjúkraliðabraut í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum voru 78 nemendur í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 36 nemendur í dagskóla og 57 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 28 nemendur í dagskóla.

### Foreldrasamstarf

Í upphafi annar var boðað til fundar með forráðafólki nemenda á sal. Var þar farið yfir það helsta sem brennur á í skólabyrjun; námskrá og skólareglur, stoðþjónustu, ferilbók í iðnnámi o. fl.

Stjórn Foreldraráðs skipa , Guðrún Guðbjarnadóttir Sædís Þórhallsdóttir, Hjördís Garðarsdóttir, , Ólög Lilja Lárusdóttir og Auður Líndal. Varamenn eru Anna Sólveig Smáradóttir og Íris Jónsdóttir. Ráðið heldur fundi og eru fundargerðir vistaðar í skjalasafni skólans. Hægt er að koma ábendingum til ráðsins í gegnum netfangið foreldrarad@fva.is.

Skólinn tekur þátt í samstarfi gegn ofbeldi og öðrum afbrotum meðal helstu lykilaðila á Vesturlandi, þ.m.t. félagsþjónustu, skólaþjónustu sveitarfélaga, barnaverndaryfirvöld, heilbrigðisþjónustu, skóla, félagsamtaka, landshlutasamtaka sveitarfélaga og lögreglu. Kynningarfundur var haldinn 14. nóvember með hagaðilum og línur lagðar.

### Skólanefnd og fulltrúaráð

Fulltrúaráð er skipað 12 fulltrúum frá sex sveitarfélögum sem standa að rekstri skólans. Fulltrúaráð skipa Benedikt J. Steingrímsson, Guðmann Magnússon, Margrét Helga Ísaksen, Ragnheiður Helgadóttir og Sigrún Ágústa Helgudóttir (Akranes), Þorvaldur T. Jónsson og Jóhanna Þorvaldsdóttir (Borgarbyggð), Einar Jón Geirsson (Dalabyggð), Ástríður Guðmundsdóttir (Skorradalshreppur), Veronika G. Sigurðardóttir (Eyja- og Miklaholtshreppur), Andrea Ýr Arnarsdóttir og Birkir Snær Guðlaugsson (Hvalfjarðarsveit). Steingrímur Benediktsson er áheyrnarfulltrúi kennara í fulltrúaráði skólans og Rán Höskuldadóttir er til vara.



Í júní 2023 var skólanefnd skipuð til fjögurra ára. Tveir fulltrúar ráðsins eru kosnir í skólanefnd, í henni eru samtals fimm. Ellert Jón Björnsson, Þórdís Eva Rúnarsdóttir, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir (hætti og Liv Áse Skarstad var skipuð í nefndina), Jóhanna M. Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir. Varamenn eru Hjördís Garðarsdóttir, Maren Rós Steindórsdóttir, Guðmundur Reynir Georgsson, Andrea Ýr Arnarsdóttir og Guðlaug Kristinsdóttir. Áheyrnarfulltrúi kennara er Trausti Gylfason og áheyrnarfulltrúi nemenda er Jóel Þór Jóhannesson. Áheyrnarfulltrúi foreldraráðs er Sædís Þórhallsdóttir. Fundir í skólanefnd á haustönn voru haldnir 28. september og 12. desember og eru fundargerðir að finna á vef skólans.

## Ungmennaráð Akraness

Nemendur FVA eiga einn fulltrúa Ungmennaráði Akraness, sem starfa að málefnum unga fólksins á svæðinu ásamt fulltrúum frá Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, ÍA og Tónlistarskólanum.

## Afreksíþróttasvið

Á afreksíþróttasviði eru 45 nemendur sem stunda fimm íþróttagreinar: sund, knattspyrnu, keilu, fimleika og golf. Nemendur sækja tvær æfingar í viku hjá íþróttafélagi, mæta í styrktarþjálfun einu sinni í viku og fá bóklega kennslu á svið afreksíþróttu einu sinni í viku. Badmintonfélagið æfir nú á Jaðarsbökkum, Keilufélagið æfir í Egilshöll ásamt því að vera með tækniæfingar í stofu í skólanum. Lokun íþróttahússins á Vesturgötu hafði ekki áhrif á aðrar íþróttagreinar á afreksíþróttasviði.

Í haust fékk afreksíþróttasvið heimsókn frá nemendum og starfsfólki afreksíþróttasviði Borgarholtsskóla. Hópurinn fór í fjallgöngu í Akrafjall og borðaði saman hádegismat. Vésteinn Hafsteinsson afreksstjóri ÍSÍ hélt einnig erindi fyrir hópinn. Virkilega flottur dagur með nemendum og starfsfólki í Borgarholtsskóla þar sem veðrið lék við viðstadda. Fimmtudaginn 19. október fór afreksíþróttasvið FVA í sína árlegu vettvangsferð en að þessu var farið í Háskóla Íslands þar sem nám og starfsaðstæður á Íþrótt- og heilsubraut HÍ var skoðað og ný rannsóknarstofa sviðsins var sérstaklega tekin út og prófuð. Að heimsókn lokinni skellti hópurinn sér í Skopp þar sem vel var tekið á því. Föstudaginn 15. desember kom Ólafur Ingi Skúlason í heimsókn og flutti erindi fyrir nemendum á sviðinu þar sem hann fjallaði m.a. um það hvernig takast eigi á við mótlæti og áskoranir og tvinnuði það saman við atvinnuferil sinn í knattspyrnu. Verkefnastjóri sviðsins mætti á ráðstefnuna Vinnum gullið, staða og réttindi afreksíþróttafólks í Hörpu 20. nóvember.

## Viðburðir í skólastarfi og vettvangsferðir

Nýnemar fóru saman í nýnemaferð sem var farin 25. ágúst. Fjórið var í Hlégarði, Mosfellsbæ, og tókst sérlega vel.

Sex nemendur fóru sem fulltrúar FVA á ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Reykjum í Hrótafirði 22.-24. september á vegum UMFÍ. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Að jörðu skaltu aftur verða,“ sem vísar til umhverfis- og loftslagsmála en markmið ráðstefnunnar var m.a. að efla umhverfisvitund ungs fólks.

Kennarar tréiðngreina voru heldur betur duglegir að fara í vettvangsferðir með nemendum í haust. 14. september var Huse Holding heimsótt og raðhús Akralundi 33-51 Akranesi skoðuð sem er úr forsteyptum einingum þar sem unnið var við reisingu eininga og þakvirki húsanna. 21. september var BM Vallá heimsótt og verksmiðjan skoðuð, framleiðsluferlið skoðað ásamt því að hlusta á fyrirlestur um gerð mannvirkja með forsteyptum einingum. 28. september var farin heimsókn í Grundarskóla (Huse Holding) þar sem niðurrif og uppbygging húsnæðis var skoðað og þá sérstaklega uppsláttur



veggja, stiga, bita og súlu. 4. október fór hópur að skoða Árbæjarsafnið með leiðsögn um þrjú hús, Kjöthúsið, Ívarssel og Hansenshúsið. Hópurinn skoðaði einnig leikfangasýninguna þar. Hópnum fannst þessi ferð mjög skemmtileg og hefðu viljað hafa meiri tíma til þess að skoða allt safnið. 19. október var fjölbýlishúsið við Asparskóga skoðað (Huse Holding) þar sem skoðað var tilbúnar íbúðir og einnig farið í húshluta 3 sem verða afhent um áramótin. 20. nóvember var Kvarnir ehf. heimsótt og kerfismótaverksmiðja skoðað ásamt hlustað á fyrirlestur um uppbyggingu kerfismóta hér á landi. 20. nóvember var farið í Þór ehf. og nemendur fengu að skoða öll þau rafmagns- eða hleðsluverkfæri sem notuð eru við byggingaframkvæmdir. 29. nóvember var farin ferð að skoða ný steiptan grunn fyrir trésmíðaverkstæði sem var að mestu tilbúinn með lögnum og einangrun (Sjammi ehf.). Stefnt er að því að fara þangað aftur og fylgjast með reisingu veggja. 30. nóvember var svo farið að skoða fjölbýlishús að Suðurgötu 93 sem er langt komið og íbúð skoðuð rétt fyrir afhendingu (FS-smiðir).

Nemendur af 5. og 7. önn rafvirkjunar fóru í dagsferð 26. september þar sem fyrirtækin ÍSAL í Straumsvík og Landsnet voru heimsótt. Nemendur hittu tæknimenn rafmagnsmála í ÍSAL og farið var í skoðunarferð um fyrirtækið. Hjá aðveitustöð Landsnets á Geithálsi fengu nemendur fræðslu um dreifingu raforkunnar á Íslandi, allt frá virkjunum til notenda. Ferðin var í alla staði fróðleg og skemmtileg. Rafmennt gaf nemendum í rafvirkjun vinnubuxur að gjöf í september og komu svo aftur seinna á önninni og fræddi nemendur um ferilbók og starfsemi Rafmenntar. Þau fengu einnig heimsókn frá Mannvirkjastofnun sem ræddi við nemendur um rafföng ásamt því að gestafyrirlesari kom og kynnti 5. annar nemendum fallvarnir og fallvarnarbúnað. Nemendur í VGRT á 1 og 3 önn hafa nýtt sér FABLAB á Breiðinni og nú eru kassar utan um rafbúnað alfarið útbúnir í FABLAB-inu.

Hópur í íslenskuáfangi heimsótti Gljúfrastein í Mosfellsdal 19. október og fræddust um líf og störf Halldór Laxness og Auði Sveinsdóttur.

Nemendur á lista- og nýsköpunarsviði settu upp tvær myndlistarsýningar í skólanum með kennara sínum Vilborgu Bjarkadóttur. Þeir heimsóttu Kjarvalsstaði 6. nóvember og fengu frábæra leiðsögn á safninu og fræddist um öndvegis málverk í íslenski listasögu frá naturalisma yfir í abstrakt, ásamt því að vinna verkefni um útvalin verk á sýningunni. Nemendur á lista- og nýsköpunarsviði fengu einnig leiðsögn um sýningu Egils Sæbjörnssonar á Listasafni Íslands í nóvember.

Starfsbrautin hélt sínu striki og sló ekki slöku við. Fyrir utan að kenna almenna bóklegu áfanga eins og stærðfræði, íslensku og ensku voru hestaáfangi og lýðheilsa í boði. Hestaáfanginn fór fram bæði upp í skóla og upp í hesthúsi. Nemendur lærðu undirstöðuatriði í hestamennsku, þ.e. hvernig á að undirbúa hest fyrir reiðtúr, skilja rétt við hann, gefa og moka undir honum. Þessi áfangi vakti mikla lukku og toppurinn var þegar allir fengu að fara á bak. Lýðheilsuáfanginn var einnig „lifandi“ og þurfti að fara út í smávægilegar breytingar á honum þegar íþróttahúsinu við Vesturgötu var lokað. Var því brugðið á það ráð að nýta þreksalinn og sundlaugina á Jaðarsbökkum og fara í vettvangsferðir. Meðal þess sem bryddað var upp á var ferð í Hvalfjörð þar sem farið var í stutta göngu ásamt því að sögulegir staðir tengdir hernáminu voru skoðaðir. Farið var í Borgarnes og gengið um Englendingavík auk skyldustopps í Geirabakaríi. Í Íþrótt- og heilsuviku fór hópurinn á kajak í boði Siglingarfélagsins Sigurfara og á námsmatsdögum fór hópurinn til Reykjavíkur í bogfimi í Bogfimisetrið. Til viðbótar við þetta þá var nokkuð reglulega mætt í félagsmiðstöðina Þorpið og frísbí-golfvöllurinn í Garðalundi var einnig vel nýttur.

### Berlínarferð

Hópur nemenda fóru til Berlínar 9.-13. október ásamt Angelu þýskukennara og Guðrún náms- og starfsráðgjafa. Berlínarferð er hluti af áfanganum EVRÓ2BE05 Berlín – saga og menning. Glímt var við



ýmis verkefni sem efldu þýskukunnáttuna auk þess sem helstu merkisstaðir voru skoðaðir. Frábær ferð sem lifir lengi í minningunni.

### Heilsuvikan

Heilsuvikan var haldin 25.-29. september. Mjög metnaðarfull dagskrá var í boði: sippukeppni, kajak, íþróttakahoot, fjallganga, ratleikur, borðtennismót, samflot, winter cup (fótbolti og karfa), fyrirlestur um ljósabekki og nikótínþúða og fimleikakvöld.

### Skammhlaup

9. nóvember var mikið fjör þegar Skammhlaupið fór fram í íþróttahúsinu Jaðarsbökkum og um allan skólann. Keppt var í fjölmörgum þrautum og stóð gula liðið uppi sem sigurvegari. Ball með Prettyboitjokko fór fram í sal skólans um kvöldið.

### NFFA

Stjórn NFFA skólaárið 2023-2024 skipa þau Jól Pór Jóhannesson formaður, Rósa Kristín Hafsteinsdóttir, Björk Davíðsdóttir, Demi van den Berg og Anna Sigurðardóttir. Fulltrúi nýnema er Davíð Logi Heiðarsson.

### Nýnemaballið

Nýnemar voru boðnir velkomnir með nýnemaballi þann 21. september sem haldið var í fyrsta sinn í sal skólans í mörg ár þar sem GK hefur lokað sínu húsnæði. Fram komu Páll Óskar, Yung Nigo Drippin og DJ Marinó.

### Westside-ballið

Westside íþróttakeppni milli FVA, MB og FSN var haldin í Ólafsvík 5. október þar sem keppt var í hinum ýmsu íþróttagreinum og lauk með balli með Daniil, Audda og Steinda. FVA stóð uppi sem sigurvegari Westside 2023 og nemendur okkar voru til fyrirmyndar í alla staði.

### Edrúpotturinn

Á böllum í FVA er hvatt til að vera með í edrúpotti sem snýst um að blása í áfengismæli og eiga möguleika á útdrætti um veglega vinninga. Á hverju balli er þessi kostur í boði og hefur þátttaka alltaf verið mjög góð.

### Jafnrétti

Kvennaverkfall skall á 24. október. Konur og kvár í skólanum lögðu niður störf og nokkrar mættu á Arnarhól og aðrar í Golfskálann á Akranesi og sýndu stuðning. Skólinn bauð upp á rútuferð á Arnarhól.

### KOSS

Starfsmannafélag kennara og starfsmanna við FVA hélt uppi stuðinu í vetur sem hófst með heimsókn í Tölvuþjónustuna 25. ágúst en fyrirtækið þjónustar skólann með netkerfi og hýsingu og rekstur tölvukerfis. Í október bauð Áslaug Guðmunds í gleðskap og í lok október var haldið „Októberfest“. Vel heppnað jólahlaðborð var svo haldið í Miðgarði 1. desember og voru skemmtiatriðin hvert öðru glæsilegra! 19. desember var jólakósí og samvera á kaffistofunni, pakkaleikur fór friðsamlega fram og allt starfsfólk fékk jólagjöf frá skólanum.



## Ekkó teymi

Í Ekkó teymi skólans sitja Jónína áfangastjóri; Bryndís og Guðrún Sigríður náms- og starfsráðgjafar; Íris Björg skólahjúkrunarfræðingur; Ólöf Húnfjörð jafnréttisfulltrúi og Rósa og Isaac eru fulltrúar nemenda. Teymið fundaði reglulega á önninni og fulltrúar þess sóttu námskeið og ráðstefnur, m.a. kynningarfund um samstarf lykilaðila í samfélaginu til að auka forvarnir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum. Ekkó teymið ásamt nemendafélaginu koma að skipulagningu á viku 6 en í þeirri viku setur skólasamfélag á Íslandi kynheilbrigði í forgrunn.

## Farsældin

Nemendapjónusta FVA er afar virk, vel menntuð og sérhæfð. Við skólann eru náms- og starfsráðgjafar í einu og hálfu stöðugildi, geðhjúkrunarfræðingur í hálfu starfi og sálfræðingur í 75% starfi. Þá er öflugt farsældarteymi skólans, sem inniheldur m.a. þrjá starfandi tengiliði, sem fundar reglulega á önninni og fulltrúar þess sóttu fundi og tóku þátt í samstarfi við Akraneskaupstað sem er í fararbroddi í innleiðingu farsældarlaga.

## Erlent samstarf

Sl. vor var í París haldinn fyrsti fundur í umhverfisverkefni á vegum Erasmus+ sem heitir Be Green. Helena Valtýsdóttir alþjóðafulltrúi sótti fundinn fyrir hönd FVA. Fimm kennarar FVA sóttu næsta fund á Kít sem var í júní og var yfirskrifin „From Seed to Spoon“. Skoðuð var lífræn ræktun, hefðbundin matargerð og þjóðgarðar. Helena flutti erindi um umhverfismál á Íslandi, Akranesi og innan FVA. Síðan fóru Anna Bjarnadóttir og Ólöf H. Samúelsdóttir með þremur nemendum til Tyrklands til að vinna áfram að verkefninu og kynna skólann.

Nemendur FVA stóðu sig alveg frábærlega í að kynna skólann sinn og segja frá umhverfismálum á Íslandi í erlendu samstarfsverkefni sem fór fram í Búlgaríu á vegum Erasmus+ í nóvember.

## Húsnæði og aðbúnaður

Við erum sífellt að bæta aðbúnað starfsfólks og nemenda skólans. Unnið var af kappi til að koma neðri hæð B-álmú í stand fyrir skólabyrjun, það náðist ekki alveg en tölvustofan var tilbúin og komst í notkun í byrjun október. Þorleifur sálfræðingurinn okkar og Arndís deildarstjóri starfsbrautar eru nú komin með nýjar og finar skrifstofur hjá Gryfjunni. Frekar hægt gengur með nauðsynlegar framkvæmdir, viðhald og endurbætur á húsnæði skólans, t.d. á heimavist, s.s. að skipta um herbergishurðir, en Framkvæmdasýslan hefur enn ekki séð fært að sinna endurteknum beiðnum þar um. Skipt var um ljós úr flúrperum í LED-ljós víða í skólanum. Ný skrifstofa var útbúin fyrir náms- og starfsráðgjafa þar sem áður var fundarherbergið Blaðran. Þar með er stöðteymið komið með þrjár fullbúnað og fallegar skrifstofur undir sitt góða og nauðsynlega starf.

## Bókasafn

Bókasafnið fékk andlitslyftingu og nýtt hlutverk með tilfæringum og nýjum húsgögnum. Nemendur eru duglegir að nýta rýmið í verkefnavinnu og „kósíhornið“ með grjónapúðunum er alltaf vinsælt. Áfram verður unnið að því að umbreyta rýminu í gott verkefnarými sem mætir þörfum nemenda og kennara til framtíðar. Tölvuver gegnt safninu var gert að lesstofu þar sem hægt er að læra í friði og ró.

## Námsver

Boðið er upp á opna tíma tvisvar í viku í stærðfræði. Aðsókn mætti vera betri að þessu kostaboði en við gefumst ekki upp á að halda þessu áfram.



## Mötuneyti

Hollur og góður matur er merki mötuneytis FVA. Þar er boðið upp á hafragraut á morgnana, heitan mat og salatbar í hádeginu ásamt því að hægt er að næla sér í ýmislegt í sjoppunni þess á milli. Vatnskraninn er vinsæll og vel nýttur. Starfsfólk mötuneytis er alltaf með bros á vör, tilbúið með girnilegan mat og hreinan sal á hverjum degi. Takk fyrir okkur í vetur!

## Heimavist

Íbúar á heimavist skólans voru 35 á önninni, flestir í eins manns herbergjum. Nýr heimavistarstjóri tók til starfa í ágúst. Öryggismyndavélar voru settar upp á heimavistinni og einnig í anddyri skólans. Þetta er gert í öryggisskyni og fer uppsetning eftir öllum ákvæðum um persónuvernd.

## Betri kjör

Mikilvægt er fyrir skólann að greiða samkeppnishæf laun í öllum störfum. Í nóvember var undirritaður stofnanasamningur við félagsmenn KÍ. Samningurinn tekur gildi 1. janúar 2024 og gildir í þrjú ár. Í samninginn bættist m. a. starfsaldurshækkun eftir sex ár. Þar með eru alls fimm launahækkanir fyrir starfsreynslu í boði fyrir KÍ-félaga, við 2, 4, 6, 9 og 12 ár. Skv. launamyndum frá KÍ hefur staða skólans í samanburði batnað stórlega.

## Í annarlok

Skólinn þarf alltaf að halda vöku sinni á hverjum tíma til að halda forskoti sínu og standast allar nútímalegar kröfur. Í janúar hófum við stefnumótunarvinnu þar sem framtíðarsýn var mótuð í hópastarfi og á vinnufundum með starfsfólki og nemendum skólans. Sýnin felst í að bjóða upp á: *Eftirsóknarvert náms- og starfsumhverfi sem einkennist af framsæknum kennsluháttum, jákvæðum skólabrag, gagnkvæmri virðingu og jafnrétti.* Til þess að koma því á koppinn ætlum við að: *Bjóða fjölbreyttar námsleiðir sem efla færni, ábyrgð og þrautseigju nemenda og gera þeim kleift að nýta hæfileika sína til fulls.*

Að nýta tímann vel með nemendum er brýnna en nokkur sinni fyrr. Tímarnir breytast hratt og tækniframfarir láta ekki bíða eftir sér. Gervigreindin er farin að láta til sín taka, sífellt þróaðri tækni sem bæði nemendur og kennarar eru að læra að tileinka sér. Við þurfum á næstu árum að leggja enn meiri áherslu á lestur, lesskilning, samvinnu og samtal í námi og kennslu. Það ásamt skýrri framtíðarsýn og faglegri áherslu á farsæld nemenda er langtímaverkefni sem skólinn mun vinna að á næstu árum til að bæta bæði námsumhverfi, árangur og velferð nemenda og sjálfan vinnustaðinn.